

## **Langþráð stríð ofstækismanna í Ísrael. Gyðingakóngurinn. Þjóðverjum stefnt fyrir Alþjóðadómstólinn**

Bandaríski blaðamaðurinn, James Bamford, skrifar athyglisverða grein um leit hans í Ísrael fyrir þrem áratugum síðan að ódæðismanni, bandarískum Gyðingi, að nafni Robert Manning. Hann flúði bandaríkska réttvísni til Landsins helga, þar sem Ísraelsmenn skutu yfir hann skjólshúsi og tóku hann í herinn, Varnarsveitir Ísraels (Israeli Defense Forces – IDF).

Robert fetaði í fótspor landa síns og trúbróður, prestsins (rabbi) Meir (Martin David) Kahane (1932-1990). Meir var fæddur í Brooklyn og stofnaði þar samtök 1968, „Varnarsveit Gyðinga“ (Jewish Defense League).

Þessi sveit minnir helst á Ku Klux Klan, kynþáttaofstækissamtök bleikskinna í Bandaríkjunum, dyggilega studd á sínum tíma af Frímúrarareglunni (Albert Pike). Meir var myrtur 1990. En hugmyndafræði hans lifir áfram í ofstækisflokknum, Kach, sem Meir stofnaði í Ísrael.

Gyðingaverndarsamtök Meir eru ábyrg fyrir fjölda ódæðisverka í Bandaríkjunum og Ísrael. Þar haslaði Meir sér völl í stjórnmálum. Hófstilltir þingmenn í Knesset sniðgengu hann meira eða minna. En þá kom Brjálaði Bensi til skjalanna og stofnaði kosningabandalag trúaröfgamanna með Kach innan vébanda sinna. Stjórnmálaarmur Kach er flokkur, sem ber heitið Otzma Yehudit (Hraustir Gyðingar).

Einn þessara hraustu Gyðinga, læknirinn, Baruch Goldstein (1956-1994), framdi fjöldamorð á Palestínunumnum; 129 lágu í valnum, þar af 29 dauðir. Sjálfsvígssprengingar Hamas fylgdu í kjölfarið. Þær kostuðu um eitt hundrað Ísraelsmenn lífið.

Annar þokkapiltur úr þessum hópi, Yigal Amir (1970-1995), myrti Yitzhak Rabin (1922-1995), fyrrum hryðjuverkaforingja og forsætisráðherra, sem snúist hafði hugur, og reyndi ásamt Yasser Arafat (1929-2004) að semja frið í Ósló.

Hópurinn hefur framið margvísleg óhæfuverk gagnvart Palestínumönnum eins og að hella bensíni ofan í sextán ára unglingspilt, Mohammad Abu Khdeir 2014, og kveikja síðan í honum.

Kach minnir á margt um annan öfgaflokk, Habayit Hayedudi (Heimahaga Gyðinga). Systurflokkur barnamorðingjans, Bibi, Likud, rekur sömuleiðis rætur sínar til hryðjuverkasamtaka ísraelskra landnema úr Austur-Evrópu. Þar er

hryðjuverkasveitarforinginn og forsetinn, Menachem Begin (1913-1992), trúlega fremstur meðal jafningja. Öfgamenn unnu góðan sigur í kosningunum 2021.

Meir vandaði Palestínumönnum og Aröbum ekki kveðjurnar, kallaði þá t.d. hunda. Ísraelsk yfirvöld kalla þá dýr.

Meir naut stuðnings öfgahreyfingarinnar, Chabad, sem trúlega er stærsta öfgahreyfing meðal Gyðinga í veröldinni í dag. Stofnun einveldis í Ísrael er á stefnuskránni. Hún er stofnuð af prestinum (rabbi) Schneur Zalman frá Liade (1745-1812), sem rússnesk yfirvöld leystu úr haldi 1798. Foringi hreyfingarinnar er Yitzchak Feivish Ginsburgh (f. 1944), innflytjandi frá Bandaríkjum eins og Meir. Kóngur vill hann verða í voðastóru Ísraelsríki.

Chabad rekur fjölda skóla í Ísrael, þar sem boðskapurinn er kenndur. Þeir eru fjármagnaðir af skattgreinendum og velunnurum í Bandaríkjum.

Yitzchak kennir, að „gildi Gyðingsins sé ótakmarkað, [að] Gyðingur við búi óendanlega meiri helgi og sérstöðu en Ógyðingur.“ Þrátt fyrir þetta megi jafnvel deyða Ógyðing og taka úr honum líffæri til að bjarga Gyðingi.“

Hugmyndafræði Chabad er skýr; það er trúarleg skylda Ísraela að hefna sín, ríki Ísraels sé ekki réttlætanlegt, nema landið verði hreinsað. (Það liggur reyndar fyrir áætlun í þá veru.) Palestínumenn skal drepa eða reka á brott og Ísraelmenn skulu lifa og hrærast í samræmi við ritninguna (Thorah) og koma á gyðinglegu trúræði (theocracy) meðal hinnar Guðs útvöldu þjóðar. Stofnun Ísraelsríkis 1948 sagði Yitzchak hefnd Guðs gegn hinum vantrúuðu.

„Ofbeldi Gyðinga til varnar hagsmunum sínum er aldrei slæmt,“ sagði Yitzchak einnig. Brjálaði barnamorðinginn og hirð hans virðist lifa samkvæmt þessari reglu, sbr. m.a. „hveitimorðin“ fyrir skemmtu, þegar hungrað fólk var strádrepíð í hrönnum, örvaentingarfullt að verða sér úti um hveiti í brauð.

Þeim fjölgar í veröldinni, sem ofbýður morðæði Ísraelskra stjórnavalda. Fyrrum hermenn í Bandaríkjum krefjast þess t.d. að Bandaríkjumenn, sem eru beinir þáttakendur í aðgerðum á Gaza, hætti að senda vopn, og Nígaragúa hefur stefnt Þjóðverjum fyrir Alþjóðadómstólinn fyrir þátttöku í þjóðarmorði.

Forseti Brasilíu, Luiz Inacio Lula da Silva, líkir drápum Ísraels við helförina. Trúlega talar Luiz fyrir munn Latnesku Ameríku, Afríku og BRICS landanna. Barnamorðinginn hefur vitaskuld lýst hann „persona non grata“ (óalandi og óferjandi og óvelkominn til Ísraelsríkis).

Bandaríski blaðamaðurinn, Pebe Escobar, skrifaði grein þann 16. febrúar á vefmiðlinum, Cradle (ritskoðaður af Fésbók), þar sem hann færir rök að hliðstæðu árása Kænugarðsstjórnarinnar á íbúa í Donbas í borgarastríðinu í Úkraínu, sem hófst 2014.

Friðarumleitanir kynnu einnig að vera hliðstæðar. Það ætti að vera ljóst, að friðarsamningar í Úkraínu muni fela í sér uppgjöf Nató. Hassan Nasrallah, leiðtogi Hisbolla í Líbanon, hefur gefið í skyn, að svo muni einnig fara í Ísrael, þ.e. að verði yfirleitt samið um landamæri verði um að ræða þau, sem giltu 1948.

Þjóðverjar og Vesturlönd sitja föst við sinn keip og berjast áfram gegn Palestínumönnum í gengdarlausri hagsmunagæslu og von um viðskiptahagnað. Það gera Íslendingar líka, samkvæmt yfirlýsingum og fylgispekt við Evrópusambandið og Nató.

Fornar kennisetningar úr stjórnmálatrúfræðum Kristilegra jafnaðarmanna (Sjálfstæðisfloksins), systurflokks Olaf Scholz, ráða þar för. Utanríkismálastefna Íslendinga hefur allar götur frá hernámi Bandaríkjanna verið eins konar neðanmálsgrein við heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. Fáir þjóðir eru hundtryggari, enda voru hermangssporlurnar góðar.

Vesturlönd berjast sem sé með hungurvofu og vopnum fyrir hagsmunum sínum í Miðausturlöndum, ásamt þeim ríkjum Araba, sem eru skuldunautar þeirra, og/eða njóta hernaðarverndar eins og Íslendingar og aðrar Norðurlandabjóðir.

Egyptar, Jórdanir og Sádí-Arabar eru þar mest áberandi. Það eru allar líkur til, að nefndar þjóðir séu vitorðsmenn í samsærissstríði hernaðarforystu Hamas og Ísraela.

Vesturlönd leika sér að eldinum. Þau leika svipaðan leik og í Úkraínu. Þau vilja heldur láta vopnin tala en setjast að samningaborði. En andstæðingarnir eru keikir.

Ansarullah í Jemen eru hvergi smeykir, þrátt fyrir sífelldar árásir, og Hisbolla heitir hefndum fyrir eldflaugaárásir Ísraels langt inn í Líbanon. Enn hafa andstöðuveldin, þ.e. Hisbolla, Íran, Írak, Sýrland og Íran, varla látið til sín taka.

Bandaríkjamenn eru engu að síður kokhraustir, Tony Blinken ekki síst: „þeir, sem ekki setjast að borðum alþjóðakerfisins [þ.e. samkvæmt geðþóttu Bandaríkjamanna], munu verða etnir,” sagði hann á Öryggisráðstefnunni í München nýlega.

[https://alexkrainer.substack.com/p/the-power-behind-the-throne-and-the?utm\\_source=profile&utm\\_medium=reader2](https://alexkrainer.substack.com/p/the-power-behind-the-throne-and-the?utm_source=profile&utm_medium=reader2)

<https://forward.com/news/352016/the-kabbalist-who-would-be-king-of-a-new-jewish-monarchy-in-israel/>

<https://merip.org/2021/02/three-decades-after-his-death-kahanes-message-of-hate-is-more-popular-than-ever/>

[https://steigan.no/2024/02/korstogets-sivilisasjon/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/02/korstogets-sivilisasjon/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/02/hezbollah-advarer-israel-sivilt-blod-vil-bli-betalt-med-blod/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/02/hezbollah-advarer-israel-sivilt-blod-vil-bli-betalt-med-blod/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/03/amalek-og-motsetningen-mellom-offer-og-overgriper/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/03/amalek-og-motsetningen-mellom-offer-og-overgriper/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://steigan.no/2023/12/israelerne-og-deres-bruk-av-dahiya-doktrinen/>

<https://www.aljazeera.com/news/2024/3/1/more-than-25000-women-and-children-killed-in-gaza-us-defence-secretary>

[https://julianmacfarlane.substack.com/p/the-west-guilty-of-genocide?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=837411&post\\_id=141302579&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&utm\\_medium=email](https://julianmacfarlane.substack.com/p/the-west-guilty-of-genocide?utm_source=post-email-title&publication_id=837411&post_id=141302579&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&utm_medium=email)

<https://www.globalresearch.ca/a-false-flag-attack-operation-to-justify-the-israel-u-s-genocide-against-the-people-of-palestine/5847958>

<https://www.globalresearch.ca/israel-gas-oil-and-trouble-in-the-levant/5362955>

<https://expose-news.com/2024/02/16/energy-firms-face-legal-threat-over-israeli-licences-to-drill-for-gas-off-gaza/>

<https://www.globalpolitics.se/tredje-varldskriget-ar-har-asymmetriaxeln-gar-i-halsen-av-den-regelbaserade-ordningen/>

<https://www.timesofisrael.com/report-idf-intel-assesses-that-hamas-will-survive-as-terror-group-post-war/>

<https://electronicintifada.net/blogs/david-cronin/amid-genocide-eu-eyes-more-trade-israel>

<https://www.globalpolitics.se/varfor-israels-krig-mot-unrwa-ar-sa-grymt/>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/02/27/egypt-sells-out-palestinians-for-10-billion-loan-package/15/>

<https://www.voltairenet.org/article220453.html>

<https://www.voltairenet.org/article220460.html>

<https://www.globalpolitics.se/risk-for-storkrig-i-vastasien/>

[https://chrishedges.substack.com/p/the-chris-hedges-report-with-rabbi?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email&utm\\_campaign=email-half-post&r=ry8jq](https://chrishedges.substack.com/p/the-chris-hedges-report-with-rabbi?utm_source=substack&utm_medium=email&utm_campaign=email-half-post&r=ry8jq)

[https://steigan.no/2024/02/pa-sporsmal-om-dode-palestinske-barn-sier-rep-andy-ogles-drep-dem-alle/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/02/pa-sporsmal-om-dode-palestinske-barn-sier-rep-andy-ogles-drep-dem-alle/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.aljazeera.com/news/2024/2/18/brazils-lula-compares-israels-war-on-gaza-with-the-holocaust>

[https://korybko.substack.com/p/lulas-holocaust-comparison-is-historically?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=141853894&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/lulas-holocaust-comparison-is-historically?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=141853894&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/02/usa-gir-israel-gront-lys-til-a-drepe-sivile-i-rafah/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/02/usa-gir-israel-gront-lys-til-a-drepe-sivile-i-rafah/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://libya360.wordpress.com/2023/12/05/the-greater-israel-scheme-and-its-global-power-play-a-delusional-recipe-for-armageddon/>

<https://derimot.no/david-og-goliat-har-hamas-vunnet-krigen-pa-gaza/>

<https://www.youtube.com/watch?v=ZRb5-790wY>

<https://www.youtube.com/watch?v=bFn7ZdJ69wJ>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/03/02/us-veterans-demand-termination-of-weapons-to-israel/13/>

<https://archive.vn/4GSpv>

<https://archive.vn/tcq16#selection-1211.0-1219.1>

<https://archive.vn/tcq16>

<https://archive.vn/ADRYW>

<https://www.aljazeera.com/news/2024/3/2/nicaragua-drags-germany-to-icj-for-facilitating-israels-genocide-in-gaza>

<https://archive.vn/b795N>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/03/02/israels-far-right-finally-gets-the-war-it-has-always-wanted/13/>